

Samþykktir fyrir “Betri byggð á Kársnesi”

1. gr. Nafn samtakanna

Samtökin eru frjáls félagasamtök og nafn þeirra er Betri byggð á Kársnesi. Lögheimili félagsins skal vera á heimili löglega kjörins formanns þess.

2. gr. Tilurð

Kópavogsbær kynnti fyrirhugað framtíðarskipulag á Kársnesi á fundi í Salnum í desember 2006. 82 athugasemdir bárust fyrir tilskilinn frest þann 1. febrúar 2007, sem beinast einkum af eftirfarandi:

1. Stórskipahöfn – höfnin og tengd starfsemi hentar illa umhverfi og skipulagi Kársness

2. Atvinnusvæði á uppfyllingu – mannvirki tengd hafnarstarfseminni á gríðarstórri uppfyllingu eiga ekki samleið með núverandi íbúðabyggð og eru soun verðmætu byggingarlandi.

3. Íbúafjölgun – of mikil íbúafjölgun veldur of miklu álagi á innviði hverfisins og háreistar byggingar falla illa að ásýnd hverfisins og skerða útsýni.

4. Umferðaraukning – flutningar tengdir höfninni og aukin umferð vegna íbúafjölgunar veldur of miklum umferðarþunga á Kársnesbraut og öðrum stoðbrautum hverfisins auk þess að hafa í för með sér mengun og slyshættu.

Eftir dræmar undirtektir bæjaryfirvalda við athugasemdum íbúa hefur vantað farveg fyrir íbúa til að koma óánægju sinni á framfæri. Samtökunum er ætlað að skapa slíkan vettvang.

3. gr. Tilgangur og markmið

Tilgangur samtakanna er að bæta lífsgæði íbúa á Kársnesi. Í upphafi setja samtökin sér eftirfarandi markmið:

1. Að fá bæjaryfirvöld í Kópavogi til að falla frá áformum um stórskipahöfn
2. Koma í veg fyrir stórfellda íbúafjölgun á Kársnesi

4. gr. Aðild, réttindi og skyldur

Öllum er frjáls aðild að samtökunum. Félagar hafa málfrelsi, tillögurétt og kosningarétt á fundum samtakanna á fundum samtakanna. Félögum er óheimilt að tjá sig opinberlega í nafni samtakanna nema með samþykki stjórnar.

5. gr. Fjármál

Samtökin afla fjár til reksturs samtakanna með frjálsum framlögum en auk þess má leggja félagsgjald á félagsmenn til að standa undir kostnaði af starfsemi félagsins. Ákveða skal fyrsta félagsgjald á stofnfundi og síðar á reglulegum aðalfundum félagsins. Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn úr hópi félagsmanna. Stjórn skal kjósa gjaldkera fyrir félagið úr hópi stjórnarmanna.

6. gr. Ársfundur

Ársfundur samtakanna skal haldinn árlega að vori til. Allir félagar eiga rétt til setu á ársfundi með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt. Fundurinn skal boðaður félögum með skriflega, með tölvupósti eða með öðrum sannanlegum hætti með minnst sjö daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina fundarefni svo og allar tillögur sem bera þarf undir atkvæði. Dagskrá ársfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar félagsins
4. Kosning stjórnar
5. Kosning endurskoðenda
6. Önnur mál

Á ársfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum, þó þarf a.m.k. 2/3 atkvæða til breytinga á samþykktum.

7. gr. Breytingar á samþykktum

Samþykktum samtakanna verður aðeins breytt á ársfundi. Tillaga til breytingar skal berast stjórn með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Ef tillaga til breytingar verður tekin til meðferðar á ársfundi skal þess getið í fundarboði og gerð grein fyrir tillögunni þar.

8. gr. Stjórn

Stjórn samtakanna skipa 7 félagar kosnir á ársfundi. Stjórn skiptir með sér verkum og velur formann, ritara sem jafnframt er varaformaður og fimm meðstjórnendur. Stjórnarmenn skulu kosnir til eins árs.

9. gr. Slit

Leggja má samtökin niður verði það samþykkt samhljóða á fundi í samtökunum. Verði ákveðið að leggja félagið niður skal afhenda Þjóðskjalasafni gögn þess og mögulegri peningalegri eign skal ráðstafað til mannúðar- eða menningarmála í Kópavogi.

10. gr. Gildistími

Samþykktir þessar öðlast gildi á stofnfundi samtakanna.

Þannig samþykkt í
Kópavogi, 27. júní 2007